Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf, kort og ljósmyndir til Bjarna: Bréfritari Stella (Kristjana Benediktsdóttir) systir hans desember 1930til maí 1952

Bjarni Benediktsson – Bensi – Sveinn – Ranka – Ólavía – kort – Austurstræti – virðing – verkfall – Sambandið – garnastöðin – Háteigur – rótækur kommúnisti -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-1, Örk 9

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17/12. 1930.

Góði bróðir minn!

Enda þótt þú hafir eigi skrifað mjer, að fyrra bragði sem þó vafalaust hefði verið skylda þín, þá ætla jeg nú að sýna þjer þá virðingu að skrifa þjer nokkur orð. Þrátt fyrir það, að jeg ráðist í þetta þrekvirki þá er það eigi af þeim rótum runnið, að jeg hafi nokkuð að segja þjer í tíðindum heldur miklu fremur vegna þess, að jeg vil minna þig á að sýna elstu (og næst komandi) systir þinni þjer tilhlýðilega virðingu með því að skrifa henni!! Kannast

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá vaktnað við svona klaufur.

Jeg var heima á Skólavörðust. 11<sup>a</sup> í nótt sem leið, af þeirri ástæðu að Sveinn bað mjer á bíó, sem er auð_vitað merkilegt, að hann skyldi lítil lækka sig og bjóða mjer á bíó. Jeg var í sjöunda himni, en komst fljótt til jarðarinnar aftur þar sem hann fór að hætta en sendi „vinnda barnið“ með mjer á bíó. Myndin sem við sáum var sorgleg og ömurleg í alla staði, svo betra hefði verið að jeg hefði líka farið að hætta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II pú lest auð vitað allar fréttir í blöðunum svo ekki þarf að skrifa þér þær. Verkfall ið hjá Sambandinu það er að segja stulkunum sem vinna í garna stöðinni, verður fram yfir jól. Var þeim bannað að vinna. Ólafur Friðriksson aldrei þessu vant hafði ekki verkfall, hann braut rúður í stöðinni og ~~skem~~ skemdi salt, karl greiið verður að veita sína litlu krafta á einhvergu. Annars er ekki ~~nema~~ ~~ekki~~ legt að Sambandið fái ~~það~~ ekki að komast upp með það að borga 10 aur. ~~minna~~ ...

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III

Tveimurtímum seinna.

Góði bróðir minn!

Nú var jeg að fá langt og skemtilegt brjef frá þjer pakka jeg þjer inni-lega fyrir það.

Skammast jeg mín fyrir hvað jeg skrifa stutt og ómerkilegt brjef, kemur það meðal annars af því að jeg er óvanur óvön að skrifa, ~~vona~~ jeg að þú virðir það á betri veg, par sem jeg hef ein-sett mjer að skrifa betra brjef næst.

Þú talar um Kommúnista, það eru nú ýmsir sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

spá því, að þú verðir
róttækur kommúnisti
þegar þú kemur heim, en
það er ekki hægt að merka
að þú sért að skifta um
skoðun. – minnsta kosti
ekki enn þá.

Kristín og Helgi eru fyrir laungu
flutt, er ansi skemtilegt hjá
þeim. Ekki eru þau enn þá búin
að láta skýra dótturina, er
verið að spá því að hún eigi
að heita Ragnhildur, enda er það
vel við eigandi.

Vertu nú blessaður og
sæll.

þín Stella

Allir á Háteigi biðja að heilsa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mamma er að hjálpa mjer að ~~sauma~~ dvalst. Hún biður kærlega að heilsa þjer. Nú er von á Graf Zeppelin. Þessi mynd var tekin í fyrra þegar hann kom. Lilla biður að heilsa. Líði þjer vel. kær Stella.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur


Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar / Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.-6.

Elsku bróðir minn.
Jeg ætlaði að skrifa
þjer núna, en pabbi
er að því, þess vegna
ætla jeg að geima
að skrifa þjer. Hjer
erum við R. með
mákonu okkar
til vonandi. það er
að fara að slá á Hatsig
en það er ekki eins vel
sprottið og í fyrra.
Vertu blessaður og
sæll þín systir
Stella

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sumarleifi á Stafafelli
1931

Geimdu þessa mynd
vendilega. en mér
þykir hún svo gerð
að þú verðir að sjá hana

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1931. Háteigi 29. januar.

Svarað 17.2.'31

Góði bróðir minn!

Þakka þjer kærlega fyrir brjef þitt, sem jeg er ný búin að fá.

Hjeðan er fátt að frjetta, okkur öllum líður vel. Enn er jeg ekki komin á neitt námskeið! en áreð er nú ekki liðið. ~~nýja~~ jeg hef heirt sagt að þú hafir fengið námskeyða sótt, jeg sam hryggist þjer Bjarni minn því af eiginni reinslu veit jeg hve sein læknandi hún er.

31. januar á að skýra ynsta meðlim ættarinnar Frk. Tómasson líklega verður hún skýrð Ragnhildur. Sjálfur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

biskupinn á að skipa hana, minna
má ekki gagn gera.

Sveinn bróðir er að verða mesta
dans fífl, bauð hann mjer á grímu
ball hjá Rimor Hansson, Silla fór líka.
vorum við Silla í japönskum náttfötum
sem Ólavía gaf okkur Rannkeu í
jólagjöf. Þarna getur þú sjeð, strax og
Sveinn komst undan yfir ráðum
þínum steypir hann sjer út í dans
hringiðuna.

Magnús Guðmundsson er farinn að gefa
út blað, í því eru aðallega skammir
um Helga Tómasson eftir því sem mjer
er sagt. Segir hann að Helgi geti látið
vera að ráðast á mestu menn þjóðarinn-
ar eins og ~~tt~~ Jónas ~~D~~ dómsmálaráðherra
og Magnús smiðabakara! Sveinn br.
kom um daginn inn í Stjórnarráð
var ~~M~~ Magnús þar fyrir, var hann að
safna undirskriftum um það að
hann væri ~~ko~~ ekki vitlaus,
sagði að ekki væri meir að hann
gerði það en Jónas. Jón Ben. gaf
honum það vottorð, að það væri
ekki annað að honum en mani.

Í ~~Mentó~~ er alt í háa-lofti, neitaði
6. b. að skrifa franskan stíl hjá Páli Sv.
átti að reka ~~alla úr bekk~~ fyrst þá sem
gengust fyrir óhlýðninni, all flestir í
skólanum neituðu að koma í skólann
ef það yrði gert, ~~á~~ að heimta nem-
endur að fá svar áður en skólinn
er úti í dag. R. systir skrifar þjer

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfsagt greinilega um þetta.
~~Alt~~mennar frjettir eru það að Lilla hefur verið að læra þýsku í allan vetur. hún biður að heilsa þjer. ~~þar~~
Jeg keyrði (ók) upp Laugaveg og niður Hverfisgötu þvert á móti lögunum þessar borgar, enda var jeg ~~svo~~ óheppinn að mæta 2. lögregluþ. áttaði jeg mig þá fyrst á villeisunni, steig útúr bifreiðinni sagði þeim sannleikann, að jeg hefði verið svona ruglut, spurðu þeir mig hvort að það væri jeg sem stýrði bifreiðinni, játti jeg því sögðu þeir þá að þeir skyldu ekki kæra mig í þetta sinn enda þótt þeir hefðu alltaf að gera það, enda hefði það verið hart þar sem jeg ók öðrum lögregluþ. heim gratis í haust. ásamt tveimur öðrum Madda á Sunnuhvoli og ?. Fyrir gefðu alt þetta klór.
bið að heilsa Rúti. Vertu blessaður og sæll bróðir
L. biður að heilsa. minn þín Stella.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Austurstræti i Reykjavik

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Góði bróðir minn!

H jeg á þessu korti sjerðu húsið sem Lilla vinnur í, hún situr vanalega við gluggann sem jeg krossa við. En í næsta húsi við hefur Torfi Hjartar sína skrifstofu og býr hann þar líka. Þetta er leiðrjetting á því sem jeg hef áður skrifað. Það eru tveir krossar þar sem Torfi býr. Tríða Troppé var á stúdentaballinu! Hún biður að heilsa þjer. Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið, hef ekkert að segja í frjettum. Jeg óska þjer gleðilegra jóla og nýjárs Góði bróðir minn. Þín [illegible]

Einkaréttur Bókaverzlun Ísafoldar. 25796

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18 maí 1952

Góði bróðir minn,

að eins nokkurar línur til þess að þakka ykkur Sigríði fyrir Bensa jeg vona að hann komi sjer ekki illa og að það sje ekki haft of mikið fyrir honum. Svo er jeg í vandræðum með smá böggul frá Ástu til mömmu hennar hvernig jeg ætti að koma honum, svo jeg tók það ráð að senda þjer hann í ~~Ofl~~ögnunni sendiráðið jeg vona að það ~~sjeo~~ sje í lagi: Bensi getur komið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum til skila. jeg var í góðu yfirlæti hjá Nönnu og Þórarni þangað til þann þrettánda maí og þá fór jeg hingað. Hjer er nú gott og skemtilegt að vera eins og þú sjálfur veist svo ekki þarf að lýsa því fyrir þjer. nú minnist jeg margra smá atvika sem komu fyrir þegar jeg var hjer með ykkur bræðrum mínum ~~hjer~~ og þá fyrst og fremst hvað þið voruð hræddir við að fara ofan að skipi til að taka á móti mjer, svo hvað þið hlutuð

vera glaðir yfir því að það var jeg en ekki Halldóra Bjarna sem kom, þú manst kanske ekki að þið voruð bara beðnir um að taka á móti farþega með Gullfoss, en þetta er nú bara gaman.

Okkur líður öllum ljómandi vel unganum er samt skeytur en það er nú eins og gengur. þú fyrirgefur þetta rusl

þín
systir Stella

Signíður mín þakka þjer innilega fyrir Bensa, jeg veit að þetta er alltaf mikið en vona að þú hafir ekki alt af mikið fyrir honum, það er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verst að það þarf að taka kúla úr. Benna hann verður víst ekki burðugur frekar en foreldrarnir ef eitt hvað á-bjátar, svo lendir það á þjér að hugsa um hann, jeg vissi ekki að það mundi koma fyrir en vona að það gangi vel.
Jeg sá í búð að það var verið að selja bolla og fleira jeg held að það hafi verið sama munstur og þitt bláa, hvað heitir það? ef eitt hvað er brotið af þí á jeg þá að kaupa eitt hvað þú skrifar ef þú vilt það ~~svo~~ inn í það svo þakka jeg fyrir alt ástar biðjur að heila ykkur
þín Stella.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur